

Viljayfirlýsing um samstarf við veitingu styrkja til rannsókna og námsverkefna á sviði húsnæðismála

1. gr.

Viljayfirlýsing þessi er tilkomin vegna veitingu styrkja Íbúðalánasjóðs til rannsókna eða námsverkefna á sviði húsnæðismála. Markmið með styrkveitingu Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og fjármunum verði sérstaklega varið til að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. eru styrkirnir veittir í þeim tilgangi að fjölga verkefnum og rannsóknum á sviði húsnæðismála sem eru til þess fallin að efla íslenskan húsnæðismarkað og húsnæðismál almennt, í samræmi við framangreint markmið.

2. gr.

Aðilar að viljayfirlýsingu þessari eru:

- Íbúðalánasjóður
- Velferðarráðuneytið
- Háskóli Íslands
- Háskólinn í Reykjavík
- Háskólinn á Akureyri
- Háskólinn á Bifröst
- Háskólinn á Hólum
- Landbúnaðarháskóli Íslands
- Listaháskóli Íslands

3. gr.

Aðilar lýsa því yfir að þeir sammælast um að koma á faglegu samstarfi um veitingu styrkja Íbúðalánasjóðs til rannsókna eða námsverkefna á sviði húsnæðismála, einkum hvað varðar kynningar styrkjanna fyrir nemendum og öðrum fagaðilum (starfsmönnum) viðkomandi háskóla.

Hlutverk hvers háskóla er að útbúa vettvang til auglýsinga og/eða kynningarfunda vegna styrkjanna.

Hlutverk Íbúðalánasjóðs snýr að því að undirbúa kynningarefni og þátttaka í kynningu á niðurstöðum rannsókna þegar þær liggja fyrir.

4. gr.

Viljayfirlýsing þessi er mikilvægur þáttur í því að efla samstarf á milli Íbúðalánasjóðs og háskóla á Íslandi í þeim tilgangi að efla rannsóknir á sviði húsnæðismála og stuðla þannig að því að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum auk þess sem rannsóknirnar geta nýst við stefnumótun stjórnvalda á sviði húsnæðismála.

5. gr.

Aðilar eru sammála um að skipulagðir verði árlegir fundir þar sem fulltrúar Íbúðalánasjóðs og háskólanna hittast og fara yfir samstarfið samkvæmt yfirlýsingu þessari og þörf á breytingum. Á sama fundi verði kynnt áherslusvið í komandi umsóknarferli og farið yfir þær rannsóknir eða verkefni sem styrkir hafa verið veittir til.

6. gr.


Aðilar eru sammála um að samstarfsnefnd háskólanna geri árlega tillögu til stjórnar Íbúðalánasjóðs um óháðan aðila menntastofnunar til setu í starfshóp sem skipaður er af stjórn til að leggja mat á umsóknir og gera tillögu að úthlutun styrkjanna. Endanleg ákvörðun um úthlutun er í höndum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

7. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður hljótist af samstarfi þessu en komi til þess er gert ráð fyrir að um það verði samið hverju sinni og kostnaði skipt jafnt á aðila nema um annað sé sérstaklega samið.


Framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar viljayfirlýsingu þessa.


Reykjavík, 6. desember 2017



F.h. Íbúðalánasjóðs


F.h. Velferðarráðuneytis



F.h. Háskólans í Reykjavík


F.h. Háskóla Íslands


F.h. Háskólans á Akureyri


F.h. Háskólans á Bifröst


F.h. Listaháskóla Íslands


F.h. Háskólans á Hólum


F.h. Landbúnaðarháskóla Íslands